



Kennari:	Ida Lön	Sk. st.	IL
-----------------	----------------	----------------	-----------

Áfangalýsing: Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á **ánægju, upplifun og skilning**. Nemendur lesa „Min ven Thomas“ og velja sér síðan fjögur styttri skáldverk eftir dönskumælandi höfundu af lista. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum munnlega/skriflega á dönsku. Nemendur eru metnir í þremur færniþáttum tungumálsins þ.e. lestri, ritun og töluðu máli. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum þó kemur sterklega til greina að hittast t.d. í sambandi við munnleg skil.

Undanfari: Einkunnin B í dönsku að loknum grunnskóla.

Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: <ul style="list-style-type: none">• grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem danska er notuð sem móðurmál.• ólíkum viðhorfum og gildum þar sem danska er notuð og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu.• orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða.• notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins munnlega, skriflega og lestur.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• lesa bókmenntaverk á dönsku.• tjá sig skýrt í máli og riti um innihald skáldsagna.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt.• lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir birtast, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfunda og tjá skoðanir sínar munnlega og skriflega.• lesa á milli lína, átta sig á dýpri merkingu texta.• taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt.• eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum.• tjá sig á skýran hátt bæði munnlega og skriflega og beita tungumálinu af nákvæmni.

Námsefni: Skáldsögur og verkefni í Innu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Kennslu- vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1 – 4	6. - 31. jan.	Bók 1: Min ven Thomas, skáldsaga.	Skriflegt tímaverkefni á íslensku í Innu.
5 – 8	1.- 29. feb.	Bók 2: Skáldsaga að eigin vali af bókalista.	Munnlegt verkefni á dönsku, samtal.
9 – 11	1. – 22. mars	Bók 3: Skáldsaga að eigin vali af bókalista.	Ritgerð á dönsku.
12 – 14	23. mars – 19. Apríl	Bók 4: Skáldsaga að eigin vali af bókalista.	Munnlegt verkefni á dönsku, samtal.
15 - 17	20. apríl – 8. maí	Bók 5: Skáldsaga að eigin vali af bókalista.	Munnlegt verkefni á dönsku, upptaka.

Sérreglur áfangans: Nemendur lesa fimm skáldsögur á dönsku og vinna eftirfarandi fimm munnleg og skrifleg verkefni – farið er fram á 100% verkefnaskil í áfanganum. Verkefnaskil og önnur samskipti fara fram í Innu. Nemendur sjá einkunnir sínar jafnóðum og þess má geta að lágmarkseinkunn er 4,5 (= 5 í lokaeinkunn). Nemendur eru hvattir til að senda skilaboð í Innu ef einhverjar spurningar vakna og þeim verður svarað á vinnutíma á virkum dögum. **Sjái nemandi fram á að geta ekki skilað verkefnum á tilsettum tíma skal haft samband við kennara og verður þá veittur frestur ef ástæða þykir til.**

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Bók 1: „Min ven Thomas“	Skriflegt verkefni á íslensku sem verður aðgengilegt í 7 dagar en eftir opnun LOKAST það sjálfkrafa eftir 90 mínútur.	20%
Bók 2: Að eigin vali af lista	Munnlegt verkefni á dönsku, samtal eftir samkomulagi.	20%
Bók 3: Að eigin vali af lista	Ritgerð á dönsku.	20%
Bók 4: Að eigin vali af lista	Munnlegt verkefni á dönsku, samtal eftir samkomulagi.	20%
Bók 5: Að eigin vali af lista	Munnlegt verkefni á dönsku, upptaka með mynd.	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Kærlig hilsen, Ida Løn